

Nd.

675. Frumvarp til laga

[245. mál]

um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 462 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Framkvæmd þessara laga skal vera í höndum verðlagsráðs, samkeppnisnefndar og verðlagsstofnunar.

Í verðlagsráði eru níu menn. Viðskiptaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar og auk þess sex menn, tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Verslunarráðs Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga.

Hæstiréttur Íslands skipar tvo menn í verðlagsráð. Skulu þeir vera óháðir fyrirtækjum og samtökum þeirra, sem lög þessi taka til, og hafa þekkingu á viðskipta- og neytendamálum og kunnáttu í lögfræði eða hagfræði.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 2. mgr. greinar þessarar. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn.

Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar og skal viðskiptaráðherra þá skipa í þess stað án tilnefningar.

4. gr. hljóðar svo:

Verðlagsráð getur fjallað um öll þau mál, sem lög þessi taka til. Ákvörðunarvald í málum samkvæmt IV. kafla og 26. og 27. gr., sbr. 38. gr., V. kafla laga þessara er í höndum samkeppnisnefndar, sem í eiga sæti formaður verðlagsráðs og þeir tveir verðlagsráðsmenn, sem Hæstiréttur skipar. Ákvörðunarvald í öðrum málum er í höndum verðlagsráðs. Verðlagsráð getur að meira eða minna leyti falið verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt eftir afmörkuðum reglum, sem ráðið setur.

Enginn maður í verðlagsráði má taka þátt í úrlausn máls, sem beinlínis varðar fyrirtæki, þar sem hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta. Ráðið úrskurðar, hvort ráðsmaður sé vanhæfur til þess að taka þátt í meðferð máls.

Verðlagsráð getur ákveðið, að aðilar, sem fara með verðákvarðanir samkvæmt sérstökum lögum, sbr. 2. málsg. 2. gr., tilkynni því verðákvarðanir sínar.

6. gr. hljóðar svo:

Verðlagsstofnun getur krafist allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sinnar og kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Ennfremur hefur verðlagsstofnun rétt til að kanna reikninga og bókhald svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir.

Verðlagsstofnun getur í starfi sínu krafist skýrslna frá öðrum stjórnvöldum, þ. á m. frá skattfyrirvöldum svo og tollyfirvöldum.

8. gr. hljóðar svo:

Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skal verðlagning vera frjáls. Nú er verðlagning frjáls og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækk-anir.

Reynist samkeppni takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósann-gjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðlagsráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki, sem getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

9. gr. hljóðar svo:

Þegar verðlagsákvörðunum er beitt er sala milli heildverslana innbyrðis og smásöluverslana innbyrðis (keðjuverslun) bönnuð, nema slík verslun sé gerð án álagningar eða með sanngjarni álagningu að mati verðlagsráðs.

10. gr. hljóðar svo:

Þegar ákvæði eru sett samkvæmt 8. gr., skal áður að því gætt, hvort önnur tiltæk ráð henti betur gagnvart þeim samkeppnishömlum, sem um er fjallað, sbr. 13. og 19. gr.

Ákvæði samkvæmt 1., 2. og 4. tl. 2. mgr. 8. gr. skulu í tilvikum, sem ekki falla undir IV. kafla, gilda takmarkað tímabil í senn, eftir því sem kostur er.

18. gr. hljóðar svo:

Samkeppnisnefnd getur ákveðið, að verði og álagningu, sem ákveðin hefur verið af markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki breyta án leyfis verðlagsráðs.

19. gr. hljóðar svo:

Verðlagsstofnun skal sjá um, að reglum um tilkynningu samkvæmt 14. gr. og reglugerð samkvæmt 17. gr. sé fylgt. Ennfremur skal verðlagsstofnun kanna áhrif samkeppnishamla.

Skýrslur stofnunarinnar um samkeppnishætti skal leggja fyrir samkeppnisnefnd. Nú telur samkeppnisnefnd, að samkeppnishömlur hafi skaðleg áhrif og skal hún þá fela verðlagsstofnun að reyna með samningum að binda enda á þau.

Nú reynist eigi unnt að taka fyrir hin skaðlegu áhrif með samningum og gefur þá samkeppnisnefnd nauðsynleg fyrirmæli. Slík fyrirmæli mega taka yfir bæði

breytingar og ógildingu að nokkru eða öllu leyti á samningum, samþykktum eða ákvörðunum. Reynist samkeppni þá enn ófullnægjandi getur samkeppnisnefnd lagt til við verðlagsráð að ákvæðum 8. gr. verði beitt.

Í fyrirmælum, sem gefin eru samkvæmt 4. mgr., skal tilgreina frá hvaða tíma þau skuli gilda.

20. gr. hljóðar svo:

Samkeppnishömlur teljast skaðlegar, þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi eða koma í veg fyrir bestu hagnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu og þjónustu.

Skaðleg áhrif geta verið fólgin í ósanngjörnu verði, álagningu eða viðskiptaskilmálum, ósanngjarnri takmörkun á frelsi til atvinnurekstrar eða ósanngjörnum mismun í viðskiptakjörum.

Mat á því, hvort verð og álagning sé ósanngjörn, skal byggt á ákvæðum 12. gr.

21. gr. hljóðar svo:

Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er óheimil, þegar verðlagning er frjáls.

Nú er undanþága veitt frá ákvæðum 1. mgr., sbr. 24. gr., og getur þá verðlagsráð hannað, að verð og álagning hækki nema með samþykki þess.

22. gr. hljóðar svo:

Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja við gerð tilboða er óheimilt.

25. gr. hljóðar svo:

Samkeppnisnefnd getur skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu, ef synjun um sölu telst skaðleg fyrir samkeppnishætti, sbr. 20. gr. Sala gegn óvenjulegum skilmálum jafngildir synjun. Synjun telst óréttmæt, þegar slík viðskipti eru venjulega opin svipuðum fyrirtækjum og kaupendur treysta á framboð viðkomandi fyrirtækis, þar sem ekki er kostur á öðrum fullnægjandi og hagkvæmum viðskiptum og kaupandi er reiðubúinn og getur mætt öllum venjulegum skilmálum um greiðslu og magn.

Áður en fyrirmæli um söluskyldu eru gefin út, skal verðlagsstofnun athuga nánar málsatvik með tilliti til, hvort seljandinn hafi hlutlæg og sanngjörn rök fyrir synjun sinni.

Komist samkeppnisnefnd að þeirri niðurstöðu, að um sé að ræða skaðleg áhrif á samkeppnishætti, skal fyrst reyna í samráði við málsaðila að binda enda á sölu-synjunina. Takist það ekki, skal samkeppnisnefnd gefa út fyrirmæli um, að innan nánar tilgreinds tíma skuli sala gegn venjulegum skilmálum fara fram. Seljandi getur þó alltaf krafist staðgreiðslu eða tryggingar fyrir greiðslu.

38. gr. hljóðar svo:

Samkeppnisnefnd getur bannað athafnir, sem brjóta í bága við ákvæði 26. og 27. gr. Banni má fylgja ákvörðun um féviti, sem kemur til framkvæmda, ef bannið er brotið. Féviti má innheimta með lög taki.

42. gr. hljóðar svo:

Við sérstakar aðstæður má leggja á bann til bráðabirgða, sem gildir til þess tíma, er endanleg ákvörðun liggur fyrir. Endanlega ákvörðun verður að taka innan sex vikna frá því að bann til bráðabirgða var lagt á.

45. gr. hljóðar svo:

Verðlagsstofnun setur reglur um verðmerkingar og verðskrár og getur ákveðið, að tiltekna vörur skuli bjóða til sölu í nánar tilgreindum einingum. Ennfremur getur

verðlagsstofnun sett reglur um verðupplýsingar á vörur, sem seldar eru gegn afborgun. Þessar reglur geta bæði tekið til auglýsinga og verðmerkingar í verslunum.

Verðlagsstofnun getur sett reglur um sölureikninga og önnur gögn um verðlagningu.

48. gr. hljóðar svo:

Nú vill aðili ekki una ákvörðun samkeppnisnefndar og getur hann þá borið málið undir dómstóla. Mál skal höfða innan 6 mánaða frá því, að aðili fékk vitneskju um ákvörðun. Málshöfðun frestar ekki gildistöku ákvörðunar.

49. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laga þessara, skal sæta 5 000—20 000 kr. dagsektum.

Verðlagsráð ákveður dagsektir og má innheimta þær með lögtaki.

50. gr. hljóðar svo:

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að skýra óviðkomandi aðilum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

54. gr. hljóðar svo:

Lög þessi skulu öðlast gildi sex mánuðum eftir að þau eru staðfest og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

- a) Lög nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál, með síðari breytingum.
- b) Lög nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum.
- c) 10. gr. laga nr. 13 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur o. fl.
- d) Lög nr. 77 14. nóvember 1917, um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.
- e) Lög nr. 30 9. janúar 1935, um heimild til handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.
- f) Lög nr. 11 27. júní 1921, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda o. fl.
- g) Lög nr. 70 12. júní 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði.
- h) Lög nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjalda í Norðurálfu.
- i) Önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

Lög nr. 113 23. desember 1954, um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, halda gildi sínu, þrátt fyrir gildistöku laga þessara.